

**Nr. 061 /13 Sólbjartur KÓ 7****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6550  
Smíðaður: Flateyri 1984, plast  
Stærð: 3,42 brl. 2,63 bt.  
Mesta lengd: 7,24 m Skráð lengd: 6,55 m  
Breidd: 1,98 m Dýpt: 0,72 m  
Vél: Yanmar 140 kW, 2000  
Fjöldi skipverja: 1



Sólbjartur ©Fiskifrétir

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 21. maí 2013 var Sólbjartur KÓ 7 á siglingu í minni Eyjafjarðar. Veður: Hægviðri.

Á siglingunni kom hávaði frá hældrifinu og brotnaði það í kjölfarið. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og setti út rekakkeri. Sveini EA 173 var fenginn til aðstoðar og dró hann bátinn til Dalvíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að öxull í hældrifinu brotnaði sennilega vegna þess að ró hafði losnað á og myndað þvingun í drifinu;
- að við það að róin losnaði hafði það bein áhrif á stöðu tannhjóla og öxla í drifinu. Við þetta kom þvingun á búnaðinn, hann hitnaði og misst styrk;
- að báturinn hafði verið sjö ár í eigu sama aðila og á þeim tíma hafði drifið, sem var af gerðinni Mercruiser Bravo 2, ekki verið tekið upp. Ekki var vitað frekar um viðgerðarsögu þess en fram kom að það gæti hafa verið u.þ.b. fimm árum eldra en vélin. Nýtt drif var sett í bátinn.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.